

## Forsendur fjárhagsáætlunar Akureyrarbæjar 2019

Forsendur fyrir fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar eru byggðar á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 1. júní sl. samanber einnig minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags 29. júní sl. til sveitarstjórna um „Forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2019 og fjárhagsáætlanir til þriggja ára“.

Fjárhagsrammi einstakra málaflokka mun liggja fyrir 9. ágúst ásamt forsendum um breytingu á gjaldskrá.

### Tímarammi:

Húsaleiga fasteigna send aðilum	2. ágúst
Fjárhagsrammar sendir sviðstjórum	9. ágúst
Vinna stofnana við launaáætlun	31. ágúst – 10. september
Skil á gögnum til fjársýslusviðs	12. september
Umræða í bæjarráði	11. október – 25. október
Fyrri umræða í bæjarstjórn	30. október
Umræða í bæjarráði	1. nóvember – 22. Nóvember
Seinni umræða í bæjarstjórn	4. desember

### Áætlun launa:

#### Laun, launatengd gjöld, persónu- og orlofsuppbót:

Laun verða áætluð í launaáætlunarhluta SAP launakerfisins, Listasmiðju. Forsendur fyrir launatengdum gjöldum, orlofs- og annaruppbót ásamt persónuuppbót starfsmanna eru fyrir hendi í áætlunarkerfinu. Upplýsingar um launatöflur og kjarasamninga er að finna í starfsmannahandbók á heimasíðu Akureyrarbæjar <https://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/kjaramal/kjarasamningar>

Flestir kjarasamningar verða lausir í lok mars eða júní á næsta ári. Í rammanum er ekki gert ráð fyrir sérstökum kjarasamningsbundnum hækkunum á árinu 2019. Gerðir verða viðaukar við fjárhagsáætlun næsta árs þegar ljóst verður hvað kjarasamningarnir munu bera í skauti sér.

**Annar starfsmannakostnaður:** Viðmið: 11.000 kr. pr. starfsmann.

#### Nefndarlaun:

Upplýsingar um nefndarlaun og föst laun formanna er að finna í starfsmannahandbók á heimasíðu Akureyrarbæjar [https://www.akureyri.is/static/files/01\\_akureyri.is/pdf/2018/reglur-um-nefndalaun-baejarrad-2018.pdf](https://www.akureyri.is/static/files/01_akureyri.is/pdf/2018/reglur-um-nefndalaun-baejarrad-2018.pdf) Nefndarlaun og launatengd gjöld þeirra vegna þarf að áætla sérstaklega því þau reiknast ekki í launaáætlun SAP.

### Aðrar forsendur:

**Vísitala neysluerðs:** Gert er ráð fyrir að vísitala neysluerðs verði 460 stig í lok árs 2018 og að hún verði orðin 474,0 stig í árslok 2019. Meðaltalsvísitala innan ársins 2019 er áætluð 467,5 stig en 454,3 stig innan ársins 2018.

**Húsaleiga FAK:** Upplýsingar um leigu Fasteigna Akureyrarbæjar (FA) verða sendar til embættismanna frá Umhverfis- og mannvirkjasviði eigi síðar en 2. ágúst.

#### Rafmagn og hiti:

Upplýsingar um gjaldskrár fyrir rafmagn og hita má finna á heimasíðu Norðurorku. <http://www.nordurorka.is/?d=9&m=forsida>



**Ferðakostnaður:**

Eingöngu verður endurgreiddur útlagður kostnaður á ferðalögum innanlands og erlendis gegn framlögðum reikningum. Þessum kostnaði skal haldið í lágmarki.

**Tryggingariðgjöld:**

Uppreikna tryggingariðgjöld um 2,9% á milli árána 2018 og 2019

**Ræstingar:**

Reikna með samningunum sem eru í gildi.

**Vörukaup, aðkeypt þjónusta og viðhaldsliðir, ótalið áður:**

Í útgefnum ramma er reiknað með 2,9% hækkun á verðlagi milli árána 2018 til 2019. Stjórnendur sýni aðhald í öllum rekstri og íhugi hvort ekki sé unnt að draga úr hækkunum á almennum vöru- og þjónustuliðum.

**Allar tillögur eða óskir sem rúmast ekki innan rammans, eða lúta ekki að áður samþykktum ákvörðunum bæjarstjórnar um þjónustu við bæjarbúa, skal sækja um sérstaklega og gera grein fyrir þeim viðbótum.**

Dan Brynjarsson

Sviðsstjóri fjársýslusviðs